

**Nd.**

## **87. Frumvarp til laga**

[82. mál]

um Ríkismat sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

### **I. KAFLI**

#### **Almenn ákvæði.**

##### **1. gr.**

Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með og meta allan fisk, sem veiddur er úr sjó, annan en bræðslufisk, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans sem og útflutningi fiskafurða. Undanþeginn er þó eiginn afli, er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning má þó setja reglur.

Heimilt er sbr. 2., 14., 18. og 19. gr. að fela sérstökum aðilum með ákveðnum skilyrðum eftirlit með vinnslu og mat á afurðum.

Fiskur er samkvæmt lögum þessum öll sjávardýr, önnur en spendýr, og hlutar hinna fyrrnefndu, sem nýtt eru til manneldis. Fiskafurðir eru matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að meiri hluta til úr fiski.

Einnig skal stofnunin hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum, geymslum, vinnslustöðvum sjávarafurða og næsta nágrenni þeirra.

Ríkismat sjávarafurða skal veita leiðbeiningar er lúta að starfrækslu stofnunarinnar um fiskverkun og meðferð fisks.

##### **2. gr.**

Sjávarútvegsráðherra getur í reglugerð falið sérstökum rannsóknastofnunum eftirlit og rannsóknir á tilteknum sjávarafurðum.

Ríkismat sjávarafurða hefur aðgang að nauðsynlegri efna- og gerlafræðilegri þjónustu hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem enn fremur þróar í samráði við Ríkismatið þær vísindalegu mælingaaðferðir sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi þeirrar stofnunar.

Ríkismat sjávarafurða skal og veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans.

### **II. KAFLI**

#### **Um Fiskmatsráð.**

##### **3. gr.**

Til aðstoðar ráðherra varðandi starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða skipar ráðherra til fjögurra ára í senn sjö menn í Fiskmatsráð. Eigi skulu færri en fjórir þeirra vera úr röðum helstu hagsmunasamtaka sjávarútvegsins. Ráðherra skipar formann ráðsins.

Tillagna Fiskmatsráðs skal leitað vegna setningar reglna, er varða starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða, svo og um skipulag og rekstur stofnunarinnar. Fiskmatsráð skal vera umsagnaradili um mál sem upp rísa vegna ágreinings um framkvæmd mats. Fiskmatsráð

skal leitast við að koma á aukinni samvinnu Ríkismats sjávarafurða, vinnsluaðila og útflytjenda sjávarafurða um gæðamat sjávarafla og gera tillögur um rannsóknir og tilraunir, er miða að bættri meðferð og nýjungum í vinnslu hans.

Fiskmatsráði ber að gera tillögur til ráðherra um hvað eina er það telur ástæðu til í sambandi við framkvæmd mats og eftirlits svo og stjórn og rekstur Ríkismats sjávarafurða.

4. gr.

Ráðherra skipar að fenginni umsögn Fiskmatsráðs framkvæmdastjóra ráðsins til fjögurra ára í senn, og nefnist hann fiskmatsstjóri. Fiskmatsstjóri hefur á hendi yfirumsjón með allri starfsemi Ríkismats sjávarafurða.

5. gr.

Skrifstofa fiskmatsstjóra annast fjármál og bókhald Ríkismats sjávarafurða, gerð fjárveitingabeidna og annarra kostnaðaráætlana svo og önnur rekstrar- og launamál stofnunarinnar.

Skrifstofan skal ennfremur annast úrvinnslu matsgagna eftir nánari fyrirmælum fiskmatsstjóra.

### III. KAFLI

#### Um starfsmenn.

6. gr.

Ríkismat sjávarafurða starfar í tveimur deildum, afurðadeild og ferskfiskdeild. Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn forstöðumann fyrir hvora deild að fenginni umsögn Fiskmatsráðs. Við skipun í störfum skal ráðherra taka tillit til háskólaprófs í matvælafræðum eða annarrar menntunar og starfsreynslu sem talin er fullnægjandi að mati Fiskmatsráðs.

7. gr.

Hjá Ríkismati sjávarafurða skal starfa sérmenntaður hreinlætisfulltrúi. Skal hann í samvinnu við og undir stjórn fiskmatsstjóra annast umsjón með hreinlætismálum sjávarafurða á vegum Ríkismatsins. Hann skal vera ráðgefandi um faglegt hreinlætiseftirlit ferskfiskdeildar og afurðadeildar svo og um þjálfun þeirra starfsmanna er annast framkvæmd hreinlætiseftirlitsins samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Ráðherra skipar fulltrúa að fenginni umsögn Fiskmatsráðs. Fulltrúar hafa stjórn og eftirlit með störfum yfirmatsmanna samkvæmt nánari fyrirmælum viðkomandi forstöðumanns.

9. gr.

Ráðherra skipar yfirmatsmenn að fengnum umsögnum forstöðumanns viðkomandi deildar. Þeir hafa umsjón með eftirliti og mati hver í sínu umdæmi. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Þeir geta haft með höndum verkefni einnar eða fleiri matsgreina eftir ákvörðun forstöðumanns sem jafnframt getur fært þá milli umdæma.

10. gr.

Matsmenn framkvæma undir stjórn yfirmatsmanna eftirlit það og mat sem lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim gera ráð fyrir.

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn að fenginni umsögn fiskmatsstjóra. Þeir skulu hafa sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn, en þeir, sem lokið hafa prófi fiskiðnaðarmanna, skulu að öðru jöfnu njóta forgangs til löggildingar.

Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir muni rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær sem starfi þeirra fylgja.

Fiskmatsstjóra er heimilt að veita mönnum án tilskilinna réttinda undanþágu til matsstarfa, í allt að þrjá mánuði, ef sérstakar aðstæður krefjast.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmann löggildingu eða undanþágu um stundarsakir að fenginni umsögn Ríkismats sjávarafurða, enda hafi hann sýnt alvarlega vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi. Þó skal veita matsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en hann er sviptur löggildingu eða undanþágu.

#### IV. KAFLI

##### Ferskfiskdeild.

###### 11. gr.

Ferskfiskdeild skal annast gæða- og stærðarmat á öllum ferskum, nýjum eða ísuðum fiski við löndun hans. Hún skal ennfremur fylgjast með geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess er vinnsla hans hefst.

Ferskfiskdeild hefur eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum og flutningatækjum fyrir afla og gefur út hæfnisvottorð til fiskiskipa.

###### 12. gr.

Ríkismat sjávarafurða skal hafa eftirlit með gæðum hráefnis og skal stöðva vinnslu ef gæði hráefnis fullnægja ekki kröfum sem settar eru í reglum samkvæmt lögum þessum.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu fisks vegna ónógra gæða ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða í hvaða vinnslu heimilt sé að hagnýta fiskinn. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun vinnslu samkvæmt þessari grein.

###### 13. gr.

Ferskfiskmatsmönnum er óheimilt að þiggja laun frá kaupendum eða seljendum afla vegna framkvæmdar ferskfiskmats.

#### V. KAFLI

##### Afurðadeild.

###### 14. gr.

Afurðadeild annast yfirmat á öllum fiskafurðum til útflutnings. Ennfremur annast afurðadeild mat á afurðum og eftirlit með þeim á öllum stigum vinnslu og þar til þeim er skipað út, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt og ekki hefur verið falið öðrum aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

Afurðadeild gefur út útflutningsvottorð sé þess krafist í reglugerð. Deildin skal gæta þess að ekki verði fluttar út sjávarafurðir sem ekki standast þær kröfur sem lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim setja.

Afurðadeild annast útgáfu vinnsluleyfa til vinnslustöðva, en þau staðfesta að viðkomandi vinnslustöð fullnægi settum reglum um hreinlæti og búnað. Óheimilt er að verka eða vinna sjávarafurðir til útflutnings án slíks vinnsluleyfis.

###### 15. gr.

Hver sá sem ætlar að flytja úr landi sjávarafurðir, sem lög þessi ná til, skal tilkynna það skrifstofu stofnunarinnar með hæfilegum fyrirvara.

16. gr.

Ríkismat sjávarafurða hefur heimild til að stöðva vinnslu fisks og ennfremur pökkun og útflutning, ef þrif og búnaður vinnslustöðva eða flutningatækja, gæði afurða, merking þeirra, umbúðir og frágangur er ekki í samræmi við reglur, sem settar eru samkvæmt lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun samkvæmt þessari grein.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu eða pökkun á fiskafurðum ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða á hvern hátt hagnýta megi afurðirnar og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, pökkun og útflutningur megi hefjast að nýju.

VI. KAFLI

**Um framleiðsluleyfi og skyldur útflytjenda.**

17. gr.

Framleiðsla á sjávarafurðum til útflutnings er óheimil án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

Ráðuneytinu er heimilt að svipta framleiðanda framleiðsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð hráefnis eða komi alvarlegir gallar í ljós í afurðum hans.

Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir veitingu og sviptingu framleiðsluleyfis.

18. gr.

Framleiðendur skulu hafa í sinni þjónustu til matsstarfa löggilta matsmenn, sem samþykktir eru af afurðadeild, eða fá til þess matsmenn sem Ríkismatið samþykkir.

19. gr.

Útflytjendum sjávarafurða er skylt að hafa starfandi eftirlitsmenn á sínum vegum sem jafnframt séu löggiltir matsmenn. Eftirlitsmenn þessir skulu sérstaklega kynna framleiðendum, verkstjórum þeirra, matsmönnum, eftirlitsfólki og starfsfólki, eftir því sem við á hverju sinni, kröfur erlendra viðskiptaaðila.

Eftirlitsmenn skulu vinna að samræmingu mats og eftirlits ásamt yfirfiskmatsmönnum og taka þátt í yfirmati á afurðum áður en útskipun fer fram.

Útflytjendum sjávarafurða, sem ekki hafa í þjónustu sinni löggilta eftirlitsmenn, er skylt að kaupa þessa þjónustu af aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

20. gr.

Þeir sem flytja út sjávarafurðir eru skyldir til að hafa löggilta lestunarstjóra, eða kaupa þessa þjónustu af Ríkismatinu eða aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

Lestunarstjórar skulu hlíta fyrirmælum yfirfiskmatsmanna afurðadeildar um hleðslu skipa að því er varðar magn, gæðaflokka, útlit, merkingar, umbúnað og þrif í lestum.

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir lestunarstjóra skv. tilnefningu forstöðumanns afurðadeildar.

21. gr.

Hverjum þeim, sem annast sölu og útflutning sjávarafurða sem lög þessi ná til, er skylt, sé þess óskað, að láta Fiskmatsráði í té upplýsingar um kvartanir, sem berast frá erlendum kaupendum, vegna gallaðrar vöru eða vegna þess að umbúnaði hennar er áfátt. Þá ber þeim og, sé þess óskað, að veita Ríkismati sjávarafurða upplýsingar um greiddar skaðabóta-kröfur.

Ríkismat sjávarafurða fer með upplýsingar þessar sem trúnaðarmál.

## VII. KAFLI Ýmis ákvæði.

### 22. gr.

Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða er heimill aðgangur að hverjum þeim stað þar sem fiskur eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna af fiski og sjávarafurðum til rannsókna enda verði eigendum fisksins eða afurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsókna.

Skylt er framleiðanda og útflytjanda að veita starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og mats.

### 23. gr.

Fiskmatsráð úrskurðar ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits en skjóta má úrskurði þess um skilning á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til sjávarútvegsráðherra.

### 24. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja reglur um hvað eina, er snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um umferð og frágang afla um borð í veiðiskipum, meðferð og frágang hráefnis og sjávarafurða í vinnslustöðvum, geymslum og flutningatækjum, matsreglur og vörustaðla, enn fremur um menntun matsmanna og verkstjóra í vinnslustöðvum. Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð að kaupendur eða seljendur afla og/eða eigendur sjávarafurða skuli greiða kostnað af störfum matsmanna.

### 25. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Tekjur Ríkismats sjávarafurða af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum fara eftir lögum þar um eins og þau eru á hverjum tíma.

### 26. gr.

Hver sá sem sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal sæta sektum eða sviptingu framleiðsluleyfis nema þyngri viðurlögum verði samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

### 27. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, ásamt l. nr. 19/1975, 4. gr. l. nr. 27/1976 og l. nr. 14/1981.

Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum og eldri lögum um sama efni, halda gildi sínu eftir því sem við á.

### 28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1984.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Frá og með 1. mars 1984 eru lagðar niður stöður forstjóra, skrifstofustjóra, deildarstjóra, fulltrúa og yfirfiskmatsmanna hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða.

Um réttarstöðu þeirra starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða, sem ekki verða skipaðir starfsmenn Ríkismats sjávarafurða, fer eftir ákvæðum videigandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

#### Greinargerð.

Með bréfi 6. september 1979 skipaði sjávarútvegsráðherra 5 manna nefnd til að endurskoða lög um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, til einföldunar og sparnaðar í rekstri stofnunarinnar. Þessir menn voru skipaðir í nefndina: Björn Dagbjartsson, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, formaður, Ingólfur Ingólfsson, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands, Gísli Jón Hermannsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, Hjalti Einarsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Tómas Þorvaldsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sölu-sambandi ísl. fiskframleiðenda og Síldarútvegsnefnd.

Nefndin hélt marga fundi og kallaðir voru til viðræðna fulltrúar frá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi, ásamt starfsmönnum Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Þann 23. janúar 1980 skilaði nefndin áfangaskýrslu um störf sín og lagði til að tuttugu aðilum úr röðum þjónustustofnana og hagsmunasamtaka í sjávarútvegi yrði send áfangaskýrslan til umsagnar.

Umsagnir bárust frá þrettán aðilum. Í yfirliti yfir rekstur og skipulag stofnunarinnar segir svo í áfangaskýrslunni:

„Allhörð gagnrýni hefur verið höfð í frammi gagnvart starfsemi stofnunarinnar og má segja að sú gagnrýni sé þríhliða: Frá hagsmunaaðilum, frá hinu opinbera og frá starfsmönnum. Frá hagsmunaaðilum hefur fiskmatið verið gagnrýnt fyrir ófagleg vinnubrögð, stífni og stírdleika og jafnvel hlutdrægni, ennfremur misræmi í mati á milli landshluta og á milli manna á sama stað o. s. frv. Einnig hefur verið kvartað yfir vafasömum og ósamræmdum innheimtuaðgerðum einstakra matsmanna o. fl. Síldarverkendum finnst til dæmis sinn hlutur fyrir borð borinn í starfsháttum F. s. Skreiðarverkendur kvarta undan því, að starfsmenn F. s. taki ekki tillit til kröfugerða viðkomandi markaða, þegar metið er og þannig mætti telja. Gagnrýni hins opinbera er sennilega hvað mest vegna fjármála stofnunarinnar og kostnaðar, einkum af ferskfiskmatinu, þar sem það þjóni í dag litlum öðrum tilgangi en að vera verðfellingaraðili, þ. e. milligönguadili á milli kaupenda og seljenda. Þáttur þessarar starfsemi hefur numið nærri helmingi af heildarkostnaði við Framleiðslueftirlitið. Ennfremur hefur verið að því fundið af opinberri hálfu, að seljendur saltfisks og skreiðar skuli ekki sjálfir kosta eigið eftirlit í svipuðum mæli og seljendur freðfisks gera. Þá er ekki minnst um verð hin innri gagnrýni, þ. e. sjálfra starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Virðist sem innanhússósætti hafi átt talsverðan þátt í því að minnka veg þessarar stofnunar, og komi það bæði niður á þeirri þjónustu, sem stofnunin á að veita og kostnaði við rekstur F. s.“

Lokaskýrsla nefndarinnar barst sjávarútvegsráðherra síðustu daga októbermánaðar 1980 og er þar lagt til í samandregnum tillögum „Um breytta skipan fiskmatsmála“, eftirfarandi:

1. Lagt er til að sett verði á stofn Fiskmatsráð, skipað fulltrúum hagsmunaaðila og sjávarútvegsráðherra, er hafi með höndum yfirumsjón gæðaeftirlits og mats á sjávarafurðum.
2. Gert er ráð fyrir því, að ferskfiskeftirlit og afurðamat með útfluttum sjávarafurðum verði skilið að. Afurðamatið verði einfaldað og ábyrgð framleiðenda aukin en ferskfiskeftirlitið byggt upp af opinberum trúnaðarmönnum í hverri löndunarhöfn og sérstökum fiskeftirlitsmönnum, hliðstæðum veiðieftirlitsmönnum sjávarútvegsráðuneytisins.

3. Lögð verði sú skylda á sölusamtök og útflutningsaðila að þeir komi á fót eigin framleiðslueftirliti ella kaupir þeir þá þjónustu sérstaklega af afurðamati ríkisins eða öðrum viðurkenndum eftirlitsaðilum.
4. Sérstök hreinlætis- og búnaðardeild verði lögð niður en slíkt eftirlit í vinnslustöðvum falið almennum afurðamatsmönnum, undir yfirstjórn gerlafræðings er starfi hjá stofnun þeirri er annast afurðamat.
5. Lagt er til að hafist verði handa um að endurskoða allar reglugerðir og opinber fyrirmæli um fiskmat undir yfirstjórn Fiskmatsráðs strax er það hefur störf.
6. Mælt er með því að gefnar verði út samræmdar matsreglur og leiðbeiningar um fiskverkun og fiskmat.

Þann 29. janúar 1982 skipaði sjávarútvegsráðherra fimm menn í nefnd er kallast Fiskmatsráð og hefur eftirgreind verkefni:

1. Vera ráðuneytinu og forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða til ráðgjafar um framleiðslumál og eftirlit og mat á sjávarafurðum.
2. Endurskoða starfshætti, verklag og reglur Framleiðslueftirlitsins eftir því, sem ráðinu sýnist nauðsynlegt.
3. Fylgjast með starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða og taka fyrir til umfjöllunar þau vandamál og ágreiningsmál sem upp koma hverju sinni.
4. Fiskmatsráð skal í störfum sínum hafa samráð og samvinnu við forstjóra Framleiðslueftirlitsins.

Í Fiskmatsráð voru skipaðir eftirtaldir menn: Halldór Þorsteinsson, forstöðumaður fiskeftirlitsdeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, formaður, Hjalti Einarsson, framkvæmdastjóri Sölu- og útsalshúsa, Jónas Bjarnason, deildarverkfræðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hafþór Rósmundsson, starfsmaður Sjómannasambands Íslands og Einar M. Jóhannsson, fiskeftirlitsmaður hjá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.

Fiskmatsráð, sem falið var að gera uppkast að frumvarpi þessu, hefur starfað óslitið frá því það var skipað. Fyrsti þáttur í störfum ráðsins var að láta framkvæma úttekt á öðrum meginþættinum í starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða, þ. e. ferskfiskmatinu. Til þess verks voru ráðnir þeir Benedikt Gunnarsson, tæknifræðingur og Sigurjón Auðunsson, fiskeftirlitsmaður. Greinargerð þeirra um úttektina barst Fiskmatsráði og Framleiðslueftirlitinu í september 1982. Þann 2. nóvember 1982 boðaði sjávarútvegsráðherra til fundar með hagsmunaaðilum og þjónustustofnunum í sjávarútvegi um gæðamál í sjávarútvegsframleiðslunni. Á fundinum var lögð fram skýrsla Fiskmatsráðs, dags. 20. október 1982, um „Ástand ferskfiskmats og tillögur til endurbóta á skipulagi og starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða varðandi ferskfiskmat“. Skýrsla Fiskmatsráðs var að miklu leyti byggð á greinargerð þeirra Benedikts Gunnarssonar og Sigurjóns Auðunssonar um úttektina á ferskfiskmatinu. Þann 29. nóvember 1982 boðaði sjávarútvegsráðherra aftur til fundar með hagsmunaaðilum og lagði fram drög að lagafrumvarpi um Ríkismat sjávarafurða. Eftir kynningu á drögunum og umræður var viðstöddum fulltrúum hagsmunaaðila boðið að senda skriflegar athugasemdir við lagauppkastið. Prettán umsagnir bárust frá helstu hagsmunasamtökum og þjónustustofnunum í sjávarútvegi. Flestar veigamiklar breytingartilögur voru teknar til greina við samningu frumvarps þessa.

Með fyrirleggjandi lagafrumvarpi er í flestum atriðum tekið undir sex áðurnefndar megin tillögur nefndar undir forystu Björns Dagbjartssonar. Veigamesta frávikið varðar tillögu 2 um ferskfiskeftirlit. Gert er ráð fyrir því, að stofnunin verði í tveimur deildum eins og þar er lagt til, en í þessu frumvarpi er gerð tillaga um töluvert öðruvísi fyrirkomulag ferskfiskmatsmála, sbr. meðfylgjandi skýrslu Fiskmatsráðs frá 20. október 1982 „Um ástand ferskfiskmats og tillögur til endurbóta á skipulagi og starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða varðandi ferskfiskmat“. Sú úttekt sem að baki þessarar skýrslu liggur sem og

margvísleg vandamál, sem upp komu varðandi gæði á íslenskum fiskafurðum á síðastliðnu ári, undirstrika mikilvægi þess að miklar og róttækar endurbætur verði gerðar á ferskfiskmati og ferskfiskeftirliti. Líklegt er að kostnaður við þennan þátt mála vaxi frá því sem nú er en kostnaður vegna afurðadeildar lækki á móti. Fiskmatsráð telur að tillögur fyrri nefndarinnar varðandi ferskfiskmat séu gagnlegar sem markmið en telur þó í ljósi aðstæðna ekki tímabært og reyndar varasamt að draga svo úr umsvifum fiskmatsins eins og þar er gert ráð fyrir.

Í VI. kafla þessa frumvarps eru eftirtalin nýmæli sem ekki eru í núgildandi lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða:

1. Gert er ráð fyrir því, að fiskvinnsla til útflutnings verði leyfisbundin.
2. Ákveðin verkaskipting verði milli framleiðenda og útflytjenda annars vegar og Ríkismatsins hins vegar.
3. Gert er ráð fyrir aukinni ábyrgð fiskiðnaðarins sjálfs á eigin framleiðslu.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Með heitinu „Ríkismat sjávarafurða“ þykir gefin gleggri mynd af starfsemi hinnar nýju stofnunar heldur en með nafninu „Framleiðslueftirlit sjávarafurða“. Stofnuninni ber þó ekki einungis að meta fisk og sjávarafurðir heldur einnig hafa eftirlit með meðferð hráefnis eftir löndun, vinnslunni sjálfri svo og búnaði, hreinlæti og hollustuháttum við framleiðsluna.

Nánar er kveðið á um hvaða afurðir skuli falla undir starfssvið Ríkismatsins. Greint er á milli fisks og spendýra. Einnig er skilgreint hvað við er átt með fiskafurðum. Bræðslufiskur er undanþeginn en það er ekki svo í gildandi lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Í reynd hefur málum þó verið þannig háttað. Það eftirlit sem haft hefur verið með bræðslufiski hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

Heimilt er að fela sérstökum aðilum eftirlit með vinnslu og mat á afurðum, sbr. síðar. Yfirmat afurða er hins vegar ekki framkvæmt af öðrum og er þeirri reglu fylgt í frumvarpinu. Eftirlits- eða matsaðilar á vegum framleiðenda eða sölusamtaka verða þó að uppfylla lágmarksskilyrði sem er að finna í 18. og 19. gr.

Um 2. gr.

Með þessari grein er gert ráð fyrir heimild fyrir ráðherra til að fela sérstökum rannsóknastofnunum eftirlit og rannsóknir á tilteknum afurðum. Ríkismati sjávarafurða er ekki ætlað að hafa rannsóknastaðstöðu né heldur sérstakt starfslíð, sem getur tekið að sér mjög sérhæfðar rannsóknir, sem kunna að reynast nauðsynlegar, stundum með stuttum fyrirvara. Slíkar rannsóknir geta snert líffræði, eiturefni, sýkla, mengun og geislavirkni, svo dæmi séu nefnd. Óeðlilegt er að Ríkismat sjávarafurða leggi út í kostnaðarsama uppbyggingu og rekstur á sérhæfðri rannsóknastarfsemi sem unnt er að fá hjá öðrum ríkisstofnunum. Sumt af rannsóknarþjónustu er unnt að fá hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gegn greiðslum skv. gjaldskrá sem sjávarútvegsráðuneytið staðfestir.

Aðferðir við gæðamat og ákvörðun eiginleika eru stöðugum breytingum undirorpnar. Sumar þeirra er unnt að þróa af starfslíði Ríkismatsins en aðrar ekki. Jafnvel skynmat ýmiss konar er nú framkvæmt með vísindalegum aðferðum. Til þess að fylgjast með öðrum þjóðum í gæðamálum matvæla er nauðsynlegt að tengja Ríkismatið Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með þeim hætti að samráð verði haft milli stofnanna um þróun á vísindalegum mælingaaðferðum.

Með tilkomu Fiskvinnsluskólans, sem hefur kennsluhlutverk að meginmarkmiði, er komin á eðlileg þrískipting fagmála fiskvinnslunnar á opinberum vegum, þ. e. kennsla,



rannsóknir og eftirlit. Rétt þykir að binda í lögum að starfsmenn Ríkismatsins skuli veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans.

#### Um 3. gr.

Fiskmatsráði er ætlað að vera faglegur umsagnaraðili, sem gerir tillögur til ráðherra um veitingu embætta stofnunarinnar, sem og setningu reglna um fiskmat, skipulag og rekstur stofnunarinnar. Auk þess er Fiskmatsráð, sem skipað er m. a. fulltrúum frá hagsmunasamtökum sjávarútvegsins, vettvangur til úrlausnar ýmissa ágreiningsmála sem risa kunna vegna starfsemi stofnunarinnar.

Ýmis af þeim vandamálum sem skapast hafa í sambandi við starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða eða í gæðamálum fiskafurða má rekja til þess, að vettvangur eins og Fiskmatsráð hefur skort. Almennar gæðaflokkunarreglur fyrir afurðir verða ekki settar svo vel fari án beinnar þátttöku fulltrúa hagsmunaaðila og að frumkvæði þeirra að verulegu leyti. Auk þess eru ýmsar ákvarðanir stofnunarinnar það viðkvæmar og umdeilanlegar að nauðsynlegt er að nefnd en ekki einstaklingar standi að þeim. Það er grundvallaratriði fyrir öryggi í starfi fagmanna í mati á öllum matvælum að þeir ákveði ekki sjálfir þær reglur sem starfað er eftir.

Varðandi val manna í Fiskmatsráð er æskilegt að ráðherra hafi svigrúm til að velja samstæðan hóp sem getur starfað saman að fagmálum. Ekki var talið ráðlegt að binda í lögum nöfn þeirra samtaka í sjávarútvegi sem tilnefna skulu fulltrúa í Fiskmatsráð. Í fyrsta lagi eru samtökin of mörg, og í öðru lagi er æskilegt að meðlimir Fiskmatsráðs líti á sig sem fagmenn og einstaklinga fyrst og fremst, sem þó séu í góðum tengslum við helstu hagsmunasamtök sjávarútvegsins. Þess vegna er skipun í Fiskmatsráð ekki bundin meira en svo, að eigi færri en fjórir þeirra verði úr röðum helstu hagsmunasamtaka sjávarútvegsins.

#### Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir því, að ráðinn verði fiskmatsstjóri til fjögurra ára. Fiskmatsstjóri er framkvæmdastjóri Fiskmatsráðs og hefur á hendi yfirumsjón með allri starfsemi Ríkismats sjávarafurða. Hann hefur sér við hlið Fiskmatsráð sem annast viðtæk fagleg verkefni.

Með þessu fyrirkomulagi er gert ráð fyrir því, að fiskmatsstjóri annist fyrst og fremst stefnumótandi málefni og tengsl út á við en forstöðumenn deilda daglegan rekstur.

#### Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um helstu verkefni skrifstofu Ríkismatsins. Þau eru fjármál stofnunarinnar svo og úrvinnsla gagna, sem er vaxandi verkefni, og mun það krefjast nýjustu tækni og fagmennsku.

#### Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um deildaskiptingu stofnunarinnar. Samkvæmt lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, skiptist sú stofnun í fjórar deildir, hreinlætis- og búnaðardeild, ferskfiskdeild, freðfiskdeild og saltfisk- og skreiðardeild. Verulegar breytingar hafa átt sér stað í mikilvægi og umfangi einstakra deilda sem og varðandi nauðsyn á eftirliti á viðkomandi deildarsviðum. Eftirlit með freðfiskafurðum hefur aukist stöðugt á undanförunum árum á vegum sölusamtaka hraðfrystiðnaðarins þannig að nauðsyn fyrir opinbert eftirlit hefur minnkað að sama skapi. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og sildarútvegsnefnd eru að auka gæðaeftirlit á eigin vegum og mun sú starfsemi draga úr nauðsyn opinbers eftirlits með flokkun og mati afurðanna, öðru en yfirmati, sem verður áfram á vegum hins opinbera. Gera verður ráð fyrir að sams konar þróun eigi sér stað varðandi aðrar sjávarafurðir svo sem skreið og hrogn. Mikilvægt er, að Ríkismat sjávarafurða verði sveigjanlegt og standi ekki á móti eðlilegri þróun í einstökum framleiðslu-

greinum. Þess vegna er nauðsynlegt að allt afurðamat verði undir einni deild og starfslið verði færánlegt eftir þörfum. Aukin menntun í fiskiðnaði og ný viðhorf í gæðamati fiskafurða opna yfirmatsmönnum möguleika á að sérhæfa sig í aðferðafræði gæðamats þeirra og verða þannig fjölhæfari í störfum sínum en nú er algengast. Stofnunin þarf að útbúa matsreglur í samræmi við þetta og gera yfirmatsmönnum kleift að notfæra sér nýjustu tækni við störf sín.

Ferskfiskdeild verður mikilvæg og umfangsmikil áfram vegna þeirra aðstæðna sem ríkjá hér á landi. Ferskfiskmálin eru verulega frábrugðin afurðamatsmálum, ekki síst vegna þess, að með ferskfiskmati er lagður grunnur að verðlagningu hráefnis, sem er viðkvæmt togstreitumál milli kaupenda og seljenda og hefur bein áhrif á tekjur sjómanna. Hreinlætis- og búnaðarmál fiskiskipa og fiskmóttaka eru náskyld gæðamálum fersks fisks. Því er eðlilegt að sú starfsemi heyri undir ferskfiskdeild, ekki síst vegna möguleika á sveigjanlegri nýtingu starfsliðs.

Þá er sett inn ákvæði um skipunartíma, fjögur ár. Áriðandi er að yfirmenn Ríkismats sjávarafurða haldi vöku sinni og að hægt sé að skipta um yfirmenn ef ástæður þykja til. Þetta ákvæði á sér hliðstæðu við ráðningu yfirmanna við ýmsar aðrar ríkisstofnanir.

#### Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir hreinlætisfulltrúa. Honum er ætlað að annast umsjón með öllum hreinlætismálum á vegum stofnunarinnar og vera ráðgefandi forstöðumönnum um allt hreinlætiseftirlit. Fulltrúinn er ábyrgur gagnvart fiskmatsstjóra og gerir tillögur til forstöðumanna deilda um framkvæmd hreinlætiseftirlits sem og um kröfur í tengslum við hæfnisvottorð skipa, vinnslu- og framleiðsluleyfi.

#### Um 8. gr.

Talið er óhjákvæmilegt að skipa fulltrúa sem sérhæfðir eru í helstu matsgreinum. Þeim er fyrst og fremst ætlað að stjórna og hafa eftirlit með störfum yfirmatsmanna í samráði við forstöðumann viðkomandi deildar.

Fulltrúarnir eiga að veita yfirmatsmönnum nauðsynlegar leiðbeiningar og samræma störf þeirra og starfsaðferðir.

Leiðbeiningar- og samræmingarstörf eru afar mikilvæg en hafa orðið útundan í of ríkum mæli.

#### Um 9. gr.

Stefnt er að því að fækka yfirmatsmönnum frá því sem nú er, enda aukin ábyrgð lögð á herðar söluaðila. Reikna verður þó með einhverjum aðlögunartíma meðan sölusamtök og aðrir söluaðilar skipa sínum málum. Tími og reynsla munu skera úr um það, hver fækkunin getur orðið og hvenær hún telst tímabær.

#### Um 10. gr.

Þessi grein er í aðalatriðum í samræmi við lög nr. 108/1974 með síðari breytingum. Þó er fiskmatsstjóra heimilað að veita undanþágur til matsstarfa án löggildingar en undanþágur gilda aðeins í skamman tíma. Sérstakar og ófyrirséðar aðstæður geta leitt til þess, að nauðsynlegt sé fyrir Ríkismatið að grípa til slíkra undanþáguveitinga, en slíkt hefur ekki verið bundið í lögum.

#### Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að verkefni ferskfiskdeildar verði í aðalatriðum þau sömu samkvæmt þessari grein og eru nú hjá ferskfiskdeild svo og hreinlætis- og búnaðardeild hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða varðandi fiskiskip og flutningatæki. Reiknað er með að ferskfiskmatsmenn og annað starfslið deildarinnar annist hreinlætiseftirlitið eins og hreinlætisfulltrúi ákveður. Til viðbótar annast deildin stærðarmat á öllum aflu en í reynd hafa ferskfiskmatsmenn annast stærðarflokkun gegn sérstökum greiðslum frá fiskkaupendum.

Með hliðsjón af 13. gr. er óheimilt að ferskfiskmatsmenn séu á launum frá fiskkaupendum við ferskfiskmat. Til þessa hefur framkvæmd stærðarflokkunar ekki verið bundin í lögum.

Um 12. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að ferskfiskdeild geti stöðvað móttöku eða bannað vinnslu ef gæði hráefnis fullnægja ekki kröfum. Með þessu er valdsvið ferskfiskdeildar að þessu leyti skýrt afmarkað. Lög um Framleiðslueftirlit sjávarafurða gera ráð fyrir stöðvunarvaldi vegna aðfinnsluverðs ástands fiskiskipa, flutningatækja, vinnslustöðva, hráefnis eða afurða. Í frumvarpi þessu er verkaskipting milli ferskfisk- og afurðadeildar skilgreind í þessum efnunum. Gert er ráð fyrir sérstöku framleiðsluleyfi, sbr. 17. gr. í frumvarpinu, sem unnt er að veita og taka af framleiðendum eftir sérstökum reglum.

Ástand hráefnis getur verið þannig, að sérstakt tilefni sé talið til stöðvunar vinnslu, en stöðvunarvaldinu fylgir sú skylda að úrskurða í hvaða vinnslu megi nýta fiskinn.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari grein er ferskfiskmatsmönnum óheimilt að þiggja laun frá kaupendum eða seljendum afla vegna framkvæmdar ferskfiskmatsins og stærðarflokkunar eða meðan á matinu stendur. Laun matsmanna vegna framkvæmdar þessara laga skulu alfarið koma frá hinu opinbera þótt kostnaður kynni að verða innheimtur að hluta samkvæmt gjaldskrá hjá kaupendum og/eða seljendum afla, sbr. 24. gr.

Vegna mikilvægis ferskfiskmatsins fyrir verðlagningu afla er nauðsynlegt að búa þannig um hnútana, að matsmenn verði óháðir beinum hagsmunaaðilum um verðákvörðun.

Um 14. gr.

Sú nýjung felst einkum í þessari grein að aðalreglan verður sú, að afurðadeild annast aðeins yfirmat. Gert er ráð fyrir að eftirlit með vinnslu og gæðaflokkun færist á hendur samtaka framleiðenda eða sölusamtaka, eins og reyndin hefur orðið í hraðfrystiiðnaðinum. Meðan slíku hefur ekki verið komið á annast Ríkismatið nauðsynlega starfsemi á þessu sviði.

Ennfremur er gert ráð fyrir því, að settar verði reglur um útflutningsvottorð. Útgáfu þeirra annast afurðadeild.

Útgáfa vinnsluleyfa er í samræmi við núgildandi lög nr. 108/1974, en þau eru hugsuð hér til tryggingar því, að hreinlætisbúnaður vinnslustöðva uppfylli sett skilyrði. Matsmenn og annað starfslið afurðadeildar annast hreinlætiseftirlit.

Um 15. gr.

Í samræmi við núgildandi lög.

Um 16. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir allvíðtæku stöðvunarvaldi á vinnslu eins og er í núgildandi lögum.

Stöðvunarvaldinu fylgir sú skylda að úrskurða á hvern hátt megi nýta þá afurð sem stöðvuð er í vinnslu. Þá ber Ríkismatinu að tilkynna viðkomandi vinnslustöð hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, þökkun og útflutningur megi hefjast að nýju. Í núgildandi lögum eru þessar skyldur Framleiðslueftirlits sjávarafurða óljóst orðaðar. Þar sem hér gæti verið um viðkvæmt ágreiningsmál að ræða er nauðsynlegt að kveða nokkuð skýrt á um bæði rétt og skyldur.

Um 17. gr.

Það nýmæli er í þessari grein að fiskvinnsla til útflutnings verður háð leyfum sjávarútvegsráðuneytisins. Leyfis er nú eingöngu krafist til skelfisk- og rækjuvinnslu sbr. lög

nr. 12/1975, en ýmsar veiðar hafa um árabíl verið leyfisbundnar, t. d. veiðar á rækju, síld, humri, þorski í net o. s. frv. Markmiðið er að auðvelda ráðuneytinu að beita aðferðum til að stýra vinnslu og viðhalda gæðum á sama hátt og veiðileyfi hafa reynst árangursrík við fiskveiðistjórn. Framleiðsluleyfið kemur ekki í stað vinnsluleyfis þess sem nú er gefið út af hreinlætis- og búnaðardeild Framleiðslueftirlitsins.

Um 18. gr.

Samkvæmt gildandi reglugerð er skylt að hafa fiskmatsmenn í hverju hraðfrystihúsi. Hér er gert ráð fyrir að ákvæði þetta verði lögbindið, matsmenn verði löggiltir og jafnframt að öllum framleiðendum sjávarafurða til útflutnings verði skylt að hafa löggilta matsmenn í þjónustu sinni enda órökrétt að mismuna vinnslugreinum á þennan hátt.

Með þessu ákvæði er stigið stórt skref til aukinnar verkaskiptingar milli fiskverkenda og Ríkismatsins og ábyrgð framleiðenda aukin.

Um 19. gr.

Þessi grein er nýmæli í lögum. Stærstu útflytjendur sjávarafurða hafa um árabíl haft víðtækt gæðaeftirlit á sínum vegum. Eftirlitsmenn samtakanna hafa verið á stöðugum ferðalögum milli þeirra fiskvinnslustöðva sem framleiða undir merkjum þeirra. Veigamikið er fyrir kaupendum að geta treyst því að vara, sem seld er undir sama vörumerki og sama gæðaflokki, sé sambærileg að gæðum. Einnig er mikilvægt að framleiðendur geti treyst því að þeim sé ekki mismunað.

Þar sem slíkt eftirlit er virkt ætti ekki að vera þörf á að Ríkismatið sinni þessu sama hlutverki og er gert ráð fyrir að Ríkismatið feli útflytjendum þetta hlutverk, sbr. heimildir í 1. gr.

Lagagreinin heldur þeim möguleika opnum að útflytjendur geti keypt þessa þjónustu af viðurkenndum aðilum.

Um 20. gr.

Ákvæði um lestunarstjóra er að finna í gildandi lögum og reglugerðum. Það er nýmæli að heimilt yrði að kaupa þessa þjónustu af viðurkenndum aðilum.

Um 21. gr.

Í þessari grein er fjallað um upplýsingaskyldu útflytjenda þegar um kvartanir kaupenda er að ræða vegna meintra galla og fjárhagskröfur af sömu sökum.

Um 22. og 23. gr.

Þessar greinar frumvarpsins þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 24. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar umfram það sem fram kemur í almennum athugasemdum.

Um 25. og 26. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Fyrri málsgrein fjallar um það að fella niður öll lög, sem í gildi eru, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Síðari málsgrein þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir að hin nýja stofnun taki til starfa að fullu 1. mars 1984. Ef það á að gerast verður frumvarpið að verða að lögum fyrir næstu áramót. Yrðu janúar- og febrúar- mánuðir 1984 þá notaðir til að auglýsa og skipa í hinar nýju stöður.